

## GJALDSKRÁ

### um byggingarleyfisgjöld í Grundarfirði og gjöld tengd þeim.

#### 1. gr.

##### *Almennt.*

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjöld fyrir þau leyfi sem hún veitir. Jafnframt er heimilt að innheimta gjöld fyrir útmælingu, eftirlit, úttektir og vottorð sem byggingarfulltrúi lætur í té.

#### 2. gr.

##### *Gjöld.*

Gjöld er greiddist til sveitarsjóðs, sbr. 1. gr., eru eftirfarandi:

	kr.
1. Fastagjald (umfjöllunargjald)	4.000
2. Byggingarleyfisgjald, íbúðarhús (hver íbúð)	20.000
3. Byggingarleyfisgjald, búpeningshús	15.000
4. Stöðuleyfi (hámark eitt ár í senn)	8.000
5. Úttektar- og eftirlitsgjald (hvert skipti)	3.500
6. Vottorð um byggingarstig	6.000
7. Mælingargjald (þéttbýli)	20.000
8. Mælingargjald (dreifbýli)	12.000
9. Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga (eldri hús)	15.000
10. Útkall byggingarfulltrúa (hvert skipti)	6.000

Skýringar við ofangreind gjöld:

1. gjald fyrir umfjöllun í umhverfisnefnd Grundarfjarðar. Útgáfa skriflegs svars,
2. gjald fyrir yfirferð byggingarfulltrúa á öllum teikningum, bygginganefndar- og sérteikningum og yfirfara skráningartöflu, afhenda meistara/byggingastjóra og fasteignamati samþykktar teikningar,
3. gjald fyrir yfirferð byggingarfulltrúa á hönnunargögnum, s.s. bygginganefndar- og sérteikningum, yfirfara skráningartöflu, afhenda meistara/byggingastjóra og fasteignamati samþykktar teikningar,
4. gjald fyrir stöðuleyfi skv. 71. gr. byggingarreglugerðar. Um er að ræða hjólhýsi, gáma, báta, torgsöluhús og þess háttar,
5. gjald fyrir úttektir og eftirlit í samræmi við 53. grein skipulags- og byggingarlaga og 48. gr. byggingarreglugerðar,
6. gjald fyrir útgáfu vottorða og staðfestinga. T.d. fokheldisvottorð, lokaúttektarvottorð, staðfesting á fullnaðarfrágangi vegna endurbótalána, byggingarvottorð o.s.frv. Vottorðum fylgir í flestum tilfellum úttekt,
7. útsetning á staðsetningu lóðar og fasteignar (vegna nýbyggingar). Tvær línur settar út í lóðamörkum og tvær línur í sökkullínum. Upplýsingar gefnar um hæðarmerki. Um er að ræða hámark tvær útmælingar,
8. útsetning á staðsetningu fasteignar eða lóðar. Tvær línur settar út í sökkullínum eða á lóðamörkum. Um er að ræða eina útmælingu,
9. gjald fyrir yfirferð skráningartöflu og eignaskiptayfirlýsingar eldri húsa. (Gjald þetta er innifalið í byggingarleyfisgjaldi vegna nýbygginga),

10. gjald fyrir útkall byggingarfulltrúa.

3. gr.

*Greiðslur gjalda.*

Fastagjald og byggingarleyfisgjald skal vera greitt eða um það samið áður en byggingarleyfi er gefið út. Gjöldum skv. 53. gr. skipulags- og byggingarlaga fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi sbr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

4. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Grundarfjarðar með stoð í lögum nr. 73/1997 og öðlast gildi þegar í stað.

*Samþykkt í bæjarstjórn Grundarfjarðar, 16. janúar 2003.*

**Björg Ágústsdóttir** bæjarstjóri.